

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	10.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	450612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Pétursson	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar styrk svifagna í ofanvatni. Enn eru opin eldri frávik en rekstraraðili hefur sent úrbótaáætlun til Umhverfisstofnunar vegna frávikanna.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi PCC á Bakka. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Samráðsfundur
- Staða frávik
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á samráðsfundi með rekstraraðila og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Rekstraraðili fór yfir niðurstöður umhverfisvöktunar sem og innri vöktunar. Fram kom að styrkur svifagna í ofanvatni hefði mælst 35,3 mg/L að meðaltali en starfsleyfismörkin eru 35 mg/L. Fram kom hjá rekstraraðila að verklag við sópun og hreinsun holræsa og sandgildra hefði verið bætt og unnið væri að áætlun um malbikun á plönnum og akstursleiðum utandyra.

Farið var yfir stöðu frávikanna en í kjölfar fyrra eftirlits ársins óskaði Umhverfisstofnun eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldri frávikanna og úrbótaáætlun vegna nýrra frávikanna er fram komu í eftirlitinu. Eldri frávik varða mikið magn af framleiðsluryki og úrgangi á svæðinu, umgengni á lóð, geymslu framleiðsluúrgangs á lóð og neyðarráðstöfun kísilryks. Til viðbótar komu fram tvö frávik er varða góðar starfsreglur og geymslu hráefna. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa þann 24. ágúst sl.

Áætlun rekstraraðila um úrbætur á geymslsvæði fyrir timburkurl reyndist ekki fullnægjandi og var rætt um í eftirlitinu nú hvernig haga mætti úrbótum á geymslsvæðinu. Umhverfisstofnun mun óska eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna þessa.

Rætt var í eftirlitinu um magn úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila. Fram hefur komið að rekstraraðili telji töluvert hafa áunnist vegna úrgangsmála á lóðinni. Þar hafi verið seld og flutt burt um 1500 tonn af aukaafurðum. Þá hafi 522 tonn af framleiðsluúrgangi farið til urðunar og stefnt á að flytja meira magn burt á næstu mánuðum.

Rekstraraðili upplýsti um úrbætur við frávik vegna neyðarráðstöfunar kísilryks á verksmiðjувæðinu í maí 2020. Fram kom að mokað hefði verið upp úr gryfjunni í sama mánuði og gryfjan fyllt af jarðvegi. Frávikinu telst lokið.

Rætt var um rykmæli fyrir hreinsivirki sem hefur verið bilaður. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafði gengið erfiðlega að gera við mælinn og að lokum komu sérfræðingar frá framleiðanda sem fóru yfir búnaðinn og hann því kominn í lag.

Ákveðið var að finna tíma fyrir kynningafund í nóvember, sbr. starfsleyfi PCC.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Staðan utandyra var svipuð því sem var í fyrra eftirliti ársins. Innandyra var umgengni bætt frá fyrra eftirliti. Rekstraraðili upplýsti um bætt verklag við þrif innandyra og áætlanir um framtíðar verklag og úrbætur innan- og utandyra.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávik

gr. 3.11 í starfsleyfi

Styrkur svifagna í ofanvatni sem losað er í Bakkaá skal vera undir 35 mg/l. Styrkur svifagna í ofanvatni í mælingu 2022 mældist 35,3 mg/l sem er yfir starfsleyfismörkum.





## ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra Jóhannes Haukur Hauksson.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2022



---

Sigríður Magnúsdóttir

